

Niðurstöður heysýna 2018

Á hverju hausti tökum við saman helstu niðurstöður heysýna og rýnum aðeins í kosti og galla. Það má segja að það sé áskorun að stunda ræktun á Íslandi. Sjaldnast eru tvö sumur í röð eins, þau eru mjög breytileg í úrkomu og hitastigi. Stundum fáum við hlý sumur og litla úrkomu, stundum hlý sumur en næga úrkomu, stundum þurr og köld og allt þarna á milli. Stundum byrja þau illa en enda vel og öfugt. Ég myndi lýsa sumrinu 2018 þannig að það hafi verið erfitt en samt alveg ágætt til grasframleiðslu. Það var nefninlega alveg hunderfitt á köflum en hentaði grasinu ágætlega að mörgu leiti, auðvitað var þetta aðeins mismunandi eftir því í hvaða landshluta maður var, en svona heilt yfir er gróffóðrið gott og það er fyrir öllu.

Það var töluverð úrkoma í sumar, sem er gott að mörgu leiti, þá nýtist áburður vel og grasið vex vel án þess að þroskast of hratt. Eins var hitastigið alveg sæmilegt, þó það hafi verið mjög mismunandi eftir landshlutum. Þetta var náttúrulega alls ekki skemmtilegt sumar fyrir heyskap eða bara til að njóta, en grasið fílaði þetta og bændur eru greinilega mjög góðir í að nýta þá glugga sem opnast til heyskapa. Það er góð gerjun í heyjunum þrátt fyrir alla þessa úrkomu og það er nóg tréni einmitt vegna þessarar úrkomu.

Við sjáum á meðaltölum að heyið er þurrara á norður og austurlandi, það er í samræmi við úrkomumagn sumarsins, hinsvegar er þetta ekki óalgennt að sjá svona almennt. Það er eins og bændur á norður og austurlandi vilji hafa gróffóðrið aðeins þurrara en þeir sem eru á suður og vesturlandi.

Meltanleiki er mikilvægur því hann segir til um hversu vel fóðrið er að fara að nýtast. Hann er að meðaltali góður í ár. Hann er aðeins hærrí í sýnunum á norður og austurlandi en það er ekki afgerandi munur.

Próteinið er í meðlaggi og hefur oft verið betra. Hérna sjáum við greinilegan mun á milli landshluta þar sem suðurland er með lægst meðaltal en norðurland liggur töluvert hærra, vestur- og austurland eru svo þarna á milli.

Trénið er mikilvægt, það er stærsti hluti gróffóðursins og við notum NDF til þess að meta hversu mikið er af tréni sem nýtist inn í framleiðsluna. Við sjáum það á meðaltölunum í ár að trénið er hærra en það hefur oft verið. Aðeins er trénið hærra á suður- og vesturlandi. Þetta er allt í samræmi, aðeins lægra prótein og aðeins hærra tréni, menn komust bara ekki af stað alveg á „réttum“ tíma vegna veðurfarsins. Sama á svo við um iNDF sem er ómeltanlegi hluti trénisins, en eftir því sem grasið er þroskaðra þegar það er slegið hækkar iNDF og stærri hluti fóðursins fer ómeltur í gegn.

Það mælist lítill sykurlíkur í heyjunum í ár. Venjulega sjáum við háar sykurtölur sérstaklega þegar gróffóðrið er orðið frekar þurrt. En í ár var ekki mikil sól, fyrir utan austurlandið. Þó það hafi ekki rignt eins mikið á norðurlandi og fyrir sunnan þá var oft skýjað og það er nóg til þess að það myndast minni sykurlíkur í blöðunum.

Þegar við höfum fengið efnagreiningar á heysýnum getum við reiknað AAT, PBV og orku en það segir okkur mikið til um hvernig fóðrið er að fara að nýtast. AAT er aminósýrur sem nýtast inni í

framleiðsluna og eru að meðaltali ágætari fyrir norður og austurland, frekar í lægri kantinum á suðurlandi enda er þar lægst prótein í hejunum. PBV er próteinið sem nýtist í vömb og það er að meðaltali mjög lágt á suðurlandi. Það er reyndar lágt allstaðar miðað við hvernig það er oft á Íslandi. Orkan er góð að meðaltali. Þó svo að menn hafi ekki náð að slá alveg á þeim tíma sem þeir annars hefðu gert virðist þetta hafa „sloppið til“ það er kannski aðalega vegna þess að allt þetta tréni sem er í grasinu núna er með góðan meltanleika og er að fara að nýtast ágætlega. Oft sjáum við hærra hlutfall af ómeltanlegu tréni þegar NDF gildið er orðið þetta hátt og meltanleikinn þá orðin slakur, en þetta virðist ekki hafa gerst í sumar og grasið bara óx án þess að verða ómeltanlegt jafn hratt. Auðvitað er breytileikinn mikill, það er eðlilegt. En svona heilt yfir og miðað við meðaltölin þá er þetta alls ekki eins slæmt og við höfðum kannski óttast fyrst í haust.

Steinefnin koma ágætlega út að meðaltali, reyndar er kalsíum rétt undir viðmiðunargildum á suður og vesturlandi en nær þeim á norður og austurlandi. Fosfórinn er svona í lægri kantinum líka og daðrar bara við viðmiðunargildin. Magnesium er að koma ágætlega út allstaðar, kalí einnig.

Hvað segir þetta okkur þá svona á endanum, jú heyin eru oft á tíðum góð og stundum mjög góð. Það er nóg tréni með góðum meltanleika sem er mjög gott til þess að viðhalda góðu vambarjafnvægi, kýrnar nýta gróffóðrið vel sem er undirstaðan fyrir góða fituframleiðslu í mjólk. Það er góð orka í heynu svo það þarf ekki alveg eins mikið kjarnfóður. Hinsvegar er neikvæða hliðin klárlega skortur á próteini, það sleppur alveg til hjá mörgum og kannski aðalega á norðurlandi en oft vantar prótein og þá þarf að bæta það upp í kjarnfóðurgjöfni. Það á hinsvegar ekki að vera eins mikil þörf fyrir mjög trénisríkar blöndur því gróffóðrið hefur meira tréni núna en sést hefur lengi.

Svæði	Fjöldi	Þe	OMD	CP	NDF	Sykur	AAT	PBV	NEL
Allt landið	827	48%	78,7	161	492	68	94	15	6,56
Suður	195	42%	78,2	151	495	67	91	8	6,44
Vestur/vestf.	138	44%	77,9	157	495	56	93	13	6,54
Norður	430	51%	79,1	166	490	70	95	18	6,61
Austur	48	52%	79,7	161	490	83	95	12	6,70

Fjöldi er fjöldi sýna af hverju svæði, heildarfjöldi er aðeins hærra en ef lagt er saman af svæðunum og er það vegna þess að nokkur sýni voru með röng búsnúmer sem ekki eru til og því ekki hægt að flokka niður á svæði. Þe er þurrefni í prósentum

OMD er meltanleiki á lífrænu efni gefið upp í % af lífrænu efni (góður meltanleiki er 78-80, mjög góður er þá hærra og sæmilegur lægri eða 76-78, lélegur meltanleiki er lægri en 76)

CP er prótein g/kg þe (gott prótein er 160-180, hærra er óþarflega hátt, 140-160 er sæmilegt og lægra en 140 er lágt)

NDF er tréni g/kg þe (gott NDF er 460-490)

Sykur er í g/kg þe (við höfum oft séð sykur fara yfir 100 á Íslandi, en hann nær því sjaldan í ár)

AAT er amínósýrur sem eru teknar upp í smáþörumum g/kg þe (það er gott þegar AAT er komið yfir 95)

PBV er próteinjafnvægi í vömb g/kg þe (PBV er gott í kringum 20)

NEL er nettó orka til mjólkurframleiðslu í MJ í kg þe (orka yfir 6,5 er góð)

Svæði	Ca	P	Mg	K	Na	S	Se
Allt landið	4,1	2,9	2,5	17,0	1,4	2,5	177
Suður	3,9	2,7	2,3	17,7	1,3	2,4	174
Vestur/vestf.	3,9	3,0	2,4	15,6	1,7	2,5	148
Norður	4,2	3,0	2,6	17,3	1,3	2,5	188
Austur	4,0	2,9	2,4	17,4	1,0	2,4	209

Fréttabréf fóðurhóps

Veturinn 2018-2019

1. tbl. 2018

Berglind Ósk Óðinsdóttir

Ráðunautur í fóður

boo@rml.is